

DAGSKRÁ 196. fundar

stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 11.02 2010 kl. 18:00

á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, IGG, BV, SvB, BI, BKr, VLF.

Gestir undir lið 8: Eggert Karvelsson , Jón Emil Árnason og Haraldur Jakobsson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sþ

2. Inntaka nýrra félaga

Sigfús Heiðar Árdal Jóhannsson kt. sjúkraflutningamaður

Björn Höskuldsson slökkviliðsstjóri í Pingeyjarsveit

Frestað.

3. Orlofsmál

-Orlofshús í Grímsnesi

Orlofsnefnd hefur ákveðið að gera 10 mánaða leigusamning við eiganda sumarbústaðar í Grímsnesi. Tilgangurinn er að auka fjölbreytnina og er reiknað með að leigan fari langt með að standa undir kostnaði.

-Frímánn –orlofshúsaúthlutunar-forrit

Lögð fram hugmynd um að taka upp orlofshúsaforritið “Frímánn”. Um er að ræða 260.000kr stofnkostnað og síðan 5.600kr mánaðargjald (m.v. fjórar einingar). Í forritinu er hægt að skoða orlofshúsin, sjá hvað er laust, bóka og borga. Samþykkt með fyrirvara um samþykkt orlofsnefndar.

4. Samstarfsnefnd LSS og LN

Áfram er fundað í samstarfsnefndinni. Hjá Brunavörnum á Austurlandi var gerður “bakvakta/viðveru” samningur sem er runninn út. LN hefur rætt við yfirvöld á svæðinu en ætla ekki að hafa frekara frumkvæði í málinu.

Samningur sem gerður var hjá BÁ um bakvaktir varðstjóra er fallinn úr gildi. LN hefur skoðað málið en ekki náð niðurstöðu.

LSS hafa lögð fram gögn vegna “akstur til og frá vinnu”

Nefndin er að skoða starfslýsingar frá SA vegna breytinga sem gerðar voru þar um áramót. Treglega hefur gengið að fá gögn frá Akureyrarbæ.

5. Kjaramál

Engir samningafundir hafa verið boðaðir. Beðið er eftir skjali frá Kef ohf (Samtökum atvinnulífsins). Engir fundir verða boðaðir við LN á meðan samstarfsnefnd er að vinna í sínum verkefnalista. Að því loknu verður settur hópur í að yfirfara textann í kjarasamningnum. Enn er ósamið við KÍ, Sjúkraliða. LL og fleiri.

6. Dómsmál

-ráðning í Pingeyjarsveit Virðist sem nýráðinn slökkviliðsstjóri uppfylli ekki skilyrði til ráðningar. Gengið var framhjá hæfum einstaklingi. Málið er hjá lögfræðingi.

-ráðning hjá B-AH Virðist sem nýráðinn slökkviliðsstjóri uppfylli ekki skilyrði til ráðningar. Gengið var framhjá hæfum einstaklingi. Málið er hjá lögfræðingi.

-Bál EV gegn GT –Réttindanefnd BSRB telur að mál Egils Viggósonar gegn GT-verktökum sé fordæmisgefandi og hefur lagt til við stjórn BSRB að BSRB taki á sig kostnaðinn við áfrýjun til hæstaréttar.

Ákveðið að framvegis verði gerðir skriflegur samningar við þá félagsmenn sem óska eftir lögfræðiaðstoð frá LSS, til að kostnaður við mál sem menn vilja draga til baka lendi ekki einvörðungu á LSS.

7. Sjúkraflutningar

Umræður um Fagráðið sem hefur ekki verið virkjað.

Búið er að sameina sjúkraflutninga á Vesturlandi undir sjúkrahúsið á Akranesi.

Umræður um ráðningu í starf umsjónarmanns með sjúkraflutningum á Vesturlandi.

Skoða þarf forgangsréttarákvæði varðandi ráðningar.

8. Flugvellir

-Flug-Kef ohf

-gestir

KE, JEÁ, HG, mættu á fundinn. Formaður fór yfir stöðu mála varðandi mögulegar breytingar slökkviliðsmála á Reykjavíkurflugvelli.

KE fór yfir stöðuna frá þeirra stöðu. Á næsta fundi borgarráðs fimmtudaginn 18. febrúar mun verða farið yfir málið og þau bréfaskipti sem verið hafa á milli SHS og Flugstöða.

KE mun boða félagsfund á mánudag til að kynna niðurstöðu sem fram kemur í minnisblaði Brunamálastjóra og Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og þá afstöðu LSS að því sé fylgt. Aðilar eru sammála um að fylgja beri því sem fram kemur á minnisblaði Brunamálastjóra og SÍS frá 12.01.

9. Bréf vegna bakvaktageiðslna

Lagt fram bréf frá slökkviliðsstjóra í hlutastarfandi liði sem vill að LSS beiti sér af hörku í að fá kjarasamningsbundnar bakvaktargreiðslur fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

10. Ársþingið

Rætt um framboðsmál, tillögur og mögulegar lagabreytingar.

Þinghald og hátíðin mun fara fram í AKOGES sal í Lágmúla 4.

11. Önnur mál:

a) **Vinnuferlar** –Nauðsynlegt að endurnýja þá 2011. Ákveðið að utanfélagsmenn geti keypt eintak á 3.000kr.

b) **Starfsmenntunarsjóður** –Rætt um úthlutunarreglur sjóðsins.

c) **Rauði haninn** -70 manns hafa sótt um að fara í hópferðina.

Starfsmenntunarsjóður hefur ákveðið að styrkja félagsmenn um 70.000kr.

Verið að athuga með fleiri sæti og aðra gistimöguleika.

Fundi slitið 21:30